



SOWETO (280x180 cm) eftir Kjell Mardon Gunnvaldsen



HULDA SKALDKONA (145x100 cm) eftir Hildi Hákonardóttur.



GÓÐA NÓTT (130x178 cm) eftir Mirja Tissari.

Sýning að Kjarvalsstöðum:

NORRÆN VEFJARLIST

Nordisk Textiltiennal 1979—80

Sýning NORRÆN VEFJARLIST II verður opnuð að Kjarvalsstöðum í dag, laugardag. Þetta er í annað sinn sem slík sýning er sett upp hér á landi, fyrri sýningin var einnig að Kjarvalsstöðum fyrir þremur árum, í janúar og febrúar 1977.

Sýningin er ávöxtur samstarfs vefara og textilhönnuða á Norðurlöndunum. Árið 1974 kom sam- vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til þess að leggja drög að umfangsmikilli sýningu sem gæfi hugmynd um það sem væri

áð gerast í vefjarlist á Norðurlöndunum. Áður höfðu veflistarmenn haldið sjálfstæðar sýningar í heimalöndum sínum við góðan orðstír, og einstaka vefarar tekið þátt í samsýningum annarra myndlistarmanna, ennfremur höfðu norrænir vefarar oft vakið athygli á alþjóðlegum vefjarlist-sýningum, — en nú skyldi með sameiginlegu átaki vinna vefjarlistinni fastari sess í vitund fólks, sem sjálfstæð listgrein. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Eftir mikla undirbúningsvinnu

var fyrsta Norræna vefjarlistsýningin opnuð í Listasafninu í Álaborg 1976, sem síðan fór um öll Norðurlönd og hlaut hvarvetna geysimikla áðsókn og lofsamlega dóma gesta og gagnrýnenda.

Í upphafi var ákveðið að stefna að því að koma upp slíkr sýningu 3ja hvert ár, þaðan nafnið textiltiennal, — og var önnur sýningin opnuð í Röðsska listiðnaðarsafninu í Gautaborg í fyrra sumar. Þá var sá háttur hafður á að skipuð var dómnefnd í hverju landi, sem valdi síðan verkin á

sýninguna. Í íslensku dómnefndinni voru Hrafnhildur Schram, Hörður Agustsson og Magnús Pálsson. Alls bárust 29 íslensk verk og voru 8 af þeim valin til sýningar. Sýningin hefur nú farið um öll Norðurlöndin, og lýkur ferðinni hér á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 93 listaverk eftir 87 listamenn frá öllum Norðurlöndunum, að Færeyjum ekki undanskildum. Sýningin fyllir báða sali Kjarvalsstaða og alla ganga, og þar kennir margra grasa, þ.a.m. myndvefnaður,

textilþrykk, batik, isaumur, rýavefnaður, ofn skulptúr og ýmis blönduð tækni.

Fjöldi sjóða og stofnana styrkir sýninguna, þar á meðal menntamálaráðuneyti allra Norðurlandanna, — en stærsti styrkurinn kom frá Norræna menningarsjóðnum, 200.000. — d.kr. eða rúmar 14 milljónir ísl. kr. Kjarvalsstaðir hýsa sýninguna og greiða fyrir henni á ýmsan hátt, en undirbúning allan og uppsetningu hafa annast þær Asgerður Búadóttir, Ásrún Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Ragnar Róbertsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir.

Sýningin verður opnuð kl. 14:00 í dag. Við þakfæri flytur Arni Gunnarsson form. Menningar- málanefndar Norðurlandaráðs ávarp og menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason opnar síðan sýninguna.

Konur bestu ökumennirnir í ýmsum löndum

Hinar ýmsu þjóðir Evrópu, hafa hver um sig sínar hefðbundnu aðferðir við að matreiða egg. Bretar steikja það og bera fram með beikoni, Frakkar nota þau til að búa til oufflé og Ítalir búa til pasta all'uovo. Það vekur athygli, að ekki aðeins matreiða þjóðirnar eggin á mismunandi hátt, heldur endurspegla hænurnar þennan mun, og virðist, sem afkasta geta hana í varpi sé mjög mismunandi eftir þjóðlöndum.

Ítalískar hænur standa sig verst, framleiða aðeins 82 kíló af eggjum á ári, per hænu. meðan hollenskar og danskar hænur verpa tæplega hémíngi meir. Þetta kemur á óvart, því Ítalir eiga flestar hænur í Evrópu eða um 82 milljónir stykkja. Danir eiga hinsvegar næst færstar hænur í Evrópu, og þrátt fyrir mikla varpaukningu fer þeim fækkandi.

Hollendingar hafa hinsvegar fjölgað hælum sínum um 50%, enda gengur varpið ákaflega vel hjá þeim. Írar eiga færstar hænur í Evrópu og þeim fer fækkandi, enda varpið lítið hjá þeim.

Heildar myndin sýnir að hælum fer fækkandi með ári hverju, meðan varp á hænu eykst, heldur hraðar en fækkunin.

Viðræðunefnd í Jan Mayen deilunni

Viðræðunefnd Íslands vegna væntanlegra viðræðna Íslendinga og Norðmanna varðandi Jan Mayen í Reykjavík dagana 14. og 15. þ.m. hefur verið skipuð og eiga þessir sæti í nefndinni: Ólafur Jóhannesson, utanríkisráðherra, formaður. Steingrímur Hermannsson, sjávarútvegsráðherra. Matthías Bjarnason, alþingismaður. Ólafur R. Grímsson, alþingismaður. Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður. Hans G. Andersen, þjóðréttarfræðingur.

Páll Ásg. Tryggvason, sendiherra. Jón Arnalds, ráðuneyttisstjóri. Ólafur Egilsson, sendifulltrúi, ritari. Guðmundur Eiríksson, deildarstjóri. Már Elísson, fiskimálastjóri. Gunnar G. Schram, prófessor. Jakob Jakobsson, fiskifræðingur. Björn Ó. Þorfinnsson, fulltrúi sjómanna. Kristján Ragnarsson, fulltrúi útvegsmanna.

Viðræðurnar munu hefjast á mánudagsmorgun og fara fram í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

Hjúkrunarfræðingar óskast í sumarafleysingar á Sjúkrahús Skagfirðinga. Upplýsingar gefur hjúkrunarframkvæmdastjóri í síma 95-5270.

MEINATÆKNAR:

Meinataeknir óskast í sumarafleysingar á Sjúkrahús Skagfirðinga. Upplýsingar gefa meinataeknar í síma 95-5270.

Tækniteiknara

Rafmagnsveitur ríkisins óska að ráða tækniteiknara. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist: Rafmagnsveitum ríkisins Starfsmannadeild Laugavegi 118 105 Reykjavík Fyrir 28. apríl 1988.

Kostnaðaruppgjör vegna kosningabaráttunnar

Fyrir nokkru lauk uppgjöri vegna kosningabaráttu Alþýðuflokksins í Reykjavík við alþingiskosningarnar dagana 2. og 3. desember s.l. Samkvæmt því hefur kosningabaráttan kostað hann í útlögðu fé kr. 7.186.603,00 en tekjur kosningasjóðsins urðu nokkru meiri eða samtals kr. 7.917.133,00. Auk þessa lögðu flokksmenn og aðrir sjálfboðaliðar fram geysimikla sjálfboðavinnu, sem ekki voru greidd nein laun fyrir frekar en áður. Kosningastjórar flokksins við kosningarnar voru þau Bjarni P. Magnússon og Kristín Guðmundsdóttir. Reikningsuppgjör kosningasjóðs er lagt hér með og mun það vera fyrsta sinni sem stjórnmalaflokkur skýrir opinberlega frá tekjum sínum og gjöldum vegna kosningabaráttu, sem að baki er. Mun Fulltrúaráð Alþýðuflokksins hafa sama hátt á framvegis og er þess að vænta, að það verði öðrum flokkum fordæmi.

Eins og áður segir nam útlagður kostnaður kr. 7.186.603,00 en tekjuafgangi að fjárhæð kr. 730.530,00 hefur þegar verið ráðstafað til greiðslu kosningaskulda frá þingkosningunum 1978 og eru þær þó, því miður, enn ekki allar greiddar. Helstu kostnaðarliðirnir eru launakostnaður og launategnd gjöld 1.62 millj. kr., kosningafundur í Háskólabíó 1.3 millj. kr., prentun og útgáfustarfsemi 2,74 millj. kr., auglýsingar 0.47 millj. kr. og sími og burðargjöld 0.42 millj. króna.

Tekjur kosningasjóðsins urðu nokkru hærri en gjöldunum nam. Almenn framlög í sjóðinn námu rúmum 7.0 millj. króna,

tekjuhluti fulltrúaráðsins í sameiginlegu happdrætti landsflokksins nam u.þ.b. 717 þús. króna, eftirstöðvar af prófkosningasjóði Benedikts Gröndal, er hann lét renna í almenna kosningasjóðinn að prófkjörlinu loknu, námu um 108 þús. króna og vaxtatekjur námu um 72 þús. króna.

Fjárföflun vegna kosninganna er lokið og ekki er betur vitað en greiddar hafi verið allar þær skuldbindingar, sem stofnað

var til vegna kosninganna í desembermánuði s.l. Reikningarnir verða sendir löggiltum endurskoðendum til athugunar, svo sem venja er til, og síðan lagðir fyrir aðalfund fulltrúaráðsins á hausti komandi.

Reikningsuppgjör kosningasjóðs vegna alþingiskosninganna 2. og 3. desember 1980.

Rekstrarreikningur

Gjöld:	
Launakostnaður og launategnd gjöld	kr. 1.620.000,00
Húsnæði fyrir kosningaskrifstofu	179.500,00
Kostnaður vegna kosningafundar í Háskólabíó, o.fl. því tengt	1.302.500,00
Auglýsingar	472.750,00
Prentun og útgáfustarfsemi	2.741.250,00
Ritföng og pappír	81.167,00
Sími og pósthúðargjöld	417.353,00
Adkeyptur akstur	113.750,00
Vextir og bankakostnaður	166.950,00
Annar kostnaður	91.383,00
Tekjuafgangur	730.530,00

Samtals kr. 7.917.133,00

Tekjur:	
Framlög í kosningasjóð	kr. 7.020.737,00
Nettó-hlutdeild Fulltrúaráðsins í landshappdrætti Alþýðuflokksins	716.876,00
Eftirstöðvar af prófkosningasjóði Benedikts Gröndal, afhentar kosningasjóði Fulltrúaráðsins til ráðstöfunar	107.671,00
Vaxtatekjur	71.849,00

Samtals kr. 7.917.133,00

Staðfest rétt: Símon Gissurnarson (Gjaldkeri stjórnar) Asgeir Agustsson (Gjaldkeri kosningasjóðs)

Sæmd fálkaorðunni

Forseti Íslands sæmdi í gær eftirtalda íslenska ríkisborgara riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu:

Séra Arelíus Nielsson, sóknarprest, fyrir prests- og félagsmálastörf. Frú Ásrúna Þórhallsdóttir, fyrir félagsmálastörf. Baldvin Tryggvason, sparisjóðs- stjórn, fyrir útgáfu- og félagsmálastörf.

Carl Billich, pianóleikara, fyrir tónlistarstörf. Guðmund Guðmundsson, fv. skipstjóra, Ísafirði, fyrir störf að sjávarútvegsálum. Guðna Guðmundsson, rektor, fyrir störf að skólumálum. Harald Ólafsson, bankaritara, fyrir minjasöfnun og gjafir til opinberra safna. Frk. Ólöfu Ríkhardsdóttir, fulltrúa fyrir störf að félagsmálum fatlaðra.

Stefán Jónsson, forstjóra, Hafnarfirði, fyrir bæjarstjórnarstörf. Sveinbjörn Arnason, kaupmann, fyrir störf að félagsmálum verslunarmanna. Val Arnþórsson, kaupfélagsstjóra, Akureyri, fyrir störf að samvinnumálum. Þóro Jónsson, bónda að Hvallátr- um, fyrir slysavarnar- og félagsmálastörf.